

Sent til mbl.is: 26.6.2018
Birt í Mbl: 30.6.2018
Skúli Jóhannsson
Email: skuli@veldi.is
Website: www.veldi.is

Aftur um Þriðja orkupakkann

Kostnaður við rekstur virkjana felst í fjármagnskostnaði, föstum kostnaði vegna rekstrar og viðhalds og svo breytilegum rekstrarkostnaði. Fyrir kola- og jarðgasstöðvar er breytilegur rekstrarkostnaður mikill, en fyrir vatnsafls- og jarðgufustöðvar er hann enginn, alla vega á meðan framboð orku er án auðlindagjalds eins og reyndin er í dag.

Raforkumarkaður á Bretlandi

Miklar framfarir hafa orðið í þróun raforkumarkaða á undanförunum árum, þar sem tekið hefur verið tillit til reynslu af mistökum fyrri ára t.d. raforkukreppunnar í Kaliforníu um síðustu aldamót. Í dag eru markaðirnir taldir nokkuð öruggir og víða er starfsemi þeirra sjáanleg fyrir almenning í rauntíma t.d. á Bretlandi (<http://www.gridwatch.templar.co.uk/>). Þar er hægt að fylgjast með hvernig smám saman er verið að leysa kolarafstöðvar af hólmi með vind- og sólarrafstöðvum. Einnig sést stöðug keyrsla á kjarnorkustöðvum, en fjölgun þeirra á Bretlandi er áformuð og verður það aðalsamkeppnin við hugmyndir um sæstreng frá Íslandi. Allt miðar þetta að því að minnka útblástur gróðurhúsalofttegunda til hagsbóta fyrir mannkyn. Áhugavert er að skoða markaðinn í beinni útsendingu og hvernig hann bregst við mismunandi upþákomum.

Raforkumarkaður á Íslandi

Í grein Elíasar B Elíassonar (EBE) í Morgunblaðinu 26.6.2018 virðist hann halda því fram að ekki sé hægt að hanna raforkumarkað nema þar starfi íbland virkjanir sem noti jarðefnaeldsneyti, kol eða náttúrulegt gas, og hafi þannig í för með sér umtalsverðan breytilegan rekstrarkostnað. Komi til sæstrengur til Bretlands, samkvæmt Elíasi, væri það til að skapa möguleika á að íslenskar vatnsafls- og jarðvarmavirkjanir gætu nýtt sér varmaaflið á Bretlandi til samkeyrslu. Þess vegna feli samþykkt Íslendinga á Þriðja orkupakkanum í sér heimild fyrir Evrópusambandið að þröngva sæstreng til Bretlands upp á Íslendinga hvort sem þeir vilja hann eða ekki og hvort sem hann er arðbær fjárfesting eða ekki. Þetta er misskilningur eins og margoft hefur komið fram.

Það hefur hingað til verið handhægt í reiknilíkönum, sem starfrækt hafa verið á Íslandi á síðustu áratugum, að sleppa áhrifum frá fjármagns- og föstum rekstrarkostnaði við mótun á markfalli rekstrar. Breytilegur kostnaður kemur þá frá vatnsgildum lóna, mati á orkuskerðingu og svo eldsneytiskostnaði þess litla dísilafsls sem er starfrækt á landinu í dag. Þannig hefur fyrirkomulag markaða hingað til verið með hætti einokunar, samkvæmt gjaldskrár- og samningsmiðaðri sölu á raforku.

Við skulum einnig hafa í huga að kaupendur og seljendur munu óbeint taka yfir stjórnun á samkeppnismarkaðnum og smám saman læra á virkni hans út frá staðbundnum aðstæðum hvort sem sæstrengur til Bretlands verður kominn eða ekki. Fyrirsjáanleiki Elíasar er vafasamur hvað þetta atriði varðar.

Landsnet er nú með í undirbúningi stofnun á uppboðsmarkaði sem taki til starfa fyrir árið 2020. Með uppboðsmarkaði kæmu ný vinnubrögð sem vissulega þarf að huga að fyrr en seinna. Þessi vinnubrögð er vel hægt að sérhanna fyrir íslenskar aðstæður. Þess vegna er nauðsynlegt að viðhalda þekkingu á þessu sviði í landinu þegar tekið verður við nýjum vinnubrögðum í samstarfi við ACER, samkvæmt Þriðja orkupakkanum.

Staðhæfingar EBE

Hér á eftir eru sýnd nokkur atriði um Þriðja orkupakkann, sem Elías heldur fram í grein sinni ásamt stuttorðum viðbrögðum mínum:

- Þriðji orkupakkinn er óheppilegur rammi um raforkumarkað þar sem jarðgas og kol stýra mestu, en þá vantar nauðsynlegt aðhald og hvata fyrir íslenskar aðstæður. - Um þetta hefur verið rætt hér að framan.
- Friður er úti um að haga málum á okkar veg. - Með nýjum starfsháttum í samráði við ACER ætti þeim tilvikum að fækka.
- ESB hefur misheppnast að ná saman samleitum virkum raforkumarkaði. – Þetta er beinlínis rangt, reynslan er mjög góð.

- Önnur ríki munu skjóta sér á bak við undanþágur fyrir Ísland. – Einkennileg framsetning, en með því að taka upp Þriðja orkupakkann ætti undanþágum að fækka.
- Landsreglarinn verður óháður. – Þetta er einmitt það sem við þurfum. Raforkulögin frá 2003 höfðu það að markmiði að rjúfa tengslin milli stjórn mála og ákvarðana í orkumálum og láta uppboðsmarkaðinn fá þar sjálfstæðara hlutverk. Því miður eru yfirmenn orkufyrirtækja í opinberri eigu ennþá að jagast í að það þurfi að bíða eftir pólitískum ákvörðunum um hitt og þetta.
- Landsreglarinn verður Trjúhestur fyrir EBS inn í Ísland. – Hvaða ofsóknarhræðsla er þetta eiginlega?

Upptalningar Elíasar og margra annarra sem hafa tjáð sig um ókosti þess að taka upp Þriðja orkupakkann eru yfirfullar af neikvæðni, en hvergi ber á neinu jákvæðu.

Og að lokum

Evrópubandalagið (**EB**) var upphaflega bandalag stofnað með undirritun Rómarsamningsins 1957 og hét þá Efnahagsbandalag Evrópu (**EBE**). Nafninu var síðar breytt í Evrópusambandið (**ESB**) með Maastrichtsamningnum 1992.

Það er óheppilegt hjá Elíasi að nota eldra nafnið EBE, sem getur valdið ruglingi, en það er einmitt skammstöfun á nafni hans sjálfs.